

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 107/2003**

**frá 26. september 2003**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2003 frá 11. júlí 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/13/EB frá 10. febrúar 2003 um breytingu á tilskipun 96/5/EB um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/14/EB frá 10. febrúar 2003 um breytingu á tilskipun 91/321/EBE um ungbarnablöndur og stoðblöndur <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54a (tilskipun ráðsins 91/321/EBE):  

„- **32003 L 0014**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/14/EB frá 10. febrúar 2003 (Stjtið. EB L 41, 14.2.2003, bls. 37).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zl (tilskipun ráðsins 96/5/EB):  

„- **32003 L 0013**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/13/EB frá 10. febrúar 2003 (Stjtið. EB L 41, 14.2.2003, bls. 33).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, p. 23 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 33.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 37.

2. gr.

Texti tilskipana 2003/13/EB og 2003/14/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.